



Framkvæmda- fréttir

1. tbl. / 13



Snjómokstur á sunnanverðum Vestfjörðum

Áður birt á vegagerdin.is 04.01.2013

Það var í nógu að snúast í snjómokstri víða um land í kringum og um hátíðirnar. Gísli Einar Sverrisson starfsmaður Vegagerðarinnar á Patreksfirði var einn þeirra sem vann við að ryðja snjó. Hann tók nokkrar myndir í Kjálkafirði og má sjá eina þeirra hér fyrir ofan og aðrar tvær á bls. 6. Gísli Einar tók einnig myndband úr heflinum við mokstur á Kleifaheidi og má finna tengingu á það í samhljóða frétt á vegagerdin.is

Í Kjálkafirði varð hann að gefast upp á að ryðja meira með vefheflinum þann 30. desember því ekki varð komist í gegn á því tæki. Málið var síðan leyst með jarðýtu og snjóblásara strax á nýju ári.

Styrkir til rannsóknaverkefna 2013

Frestur til að skila umsóknum rennur út á miðnætti miðvikudaginn 6. febrúar 2013

Áður birt á vegagerdin.is 02.01.2013

Vegagerðin veitir árlega styrki til rannsóknaverkefna, en samkvæmt vegaglögum skal a.m.k. 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar varið til rannsókna

Aðilar innan og utan Vegagerðarinnar geta sótt um fjárframlög til rannsóknaverkefna. Rannsóknarráð stofnunarinnar sér um úthlutun.

Rannsóknnum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra megin flokka: *Mannvirki; Umferð; Umhverfi; Samfélag*. Innan Vegagerðarinnar starfa þrjár fagnefndir sem eru til ráðgjafar um rannsóknir innan þessara flokka. Ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Í rannsóknastefnu Vegagerðarinnar kemur fram að fyrir úthlutun rann-

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 1. tbl. 21. árg. nr. 598 21. janúar 2013

Ritstjórn og umsjón útgáfu:

Viktor Arnar Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin

Framkvæmdafréttir

Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

sóknafjár, sem fram fer á fyrstu mánuðum hvers árs, kynna fagnefndirnar áherslusvið innan síns flokks fyrir umsjónarmönnum rannsóknastarfsins og kallað verði eftir verkefnahugmyndum í samræmi við það, en rétt er að taka fram að einnig er áfram veitt fé til annarra verkefna sem ekki eru innan áherslusviðanna. Áherslurnar taka einnig mið af stefnumörkun samgönguráðs.

Fagnefndirnar hafa gefið út eftirfarandi áherslusvið vegna rannsókna árið 2013:

- Mannvirki:

Lögð er áhersla á rannsóknir á slitlögum vega, þ.e.a.s. hönnun þeirra, framleiðslu, lögn og viðhald. Mikilvægt er að auka rannsóknir á malbiksslitlögum, m.a. með nýjum rannsóknaraðferðum. Fjölmargar nýjungar eru að ryðja sér til rúms

við hönnun og lögn klæðingar sem nauðsynlegt er að rannsaka og þróa áfram. Auka þarf rannsóknir og eftirlit með eiginleikum steinefna, biks sem notað er í malbik og klæðingar, svo og á íaukum, svo sem mýkingarefnum og viðlodunarefnum, sem blandað er í bikið. Mikilvægt er að þróa aðferðir við framleiðslu, útlögn og viðhald malarslitlags sem auka gæði þess.

Einnig er lögð áhersla rannsóknir sem tengjast hönnun, framleiðslu og framkvæmd við gerð burðarlags. Mikilvægt er að halda áfram að þróa aðferðir við framleiðslu steinefna og við eftirlit með útlögn og þjoppun.

Auk ofangreindra áhersluatriða er mikilvægt að gerðar verði leiðbeiningar og vinnureglur, m.a. um framkvæmdaefirlit, hönnun mannvirkja í vegagerð og

Nýr hjóla- og göngustígur tengir Mosfellsbæ og Reykjavík

Áður birt á vegagerdin.is 14.12.2012

Hjólasveinar og meyar glöddust innilega er nýr hjóla- og göngustígur milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur var formlega tekinn í notkun af borgarstjóra, bæjarstjóra Mosfellsbæjar og vegamálastjóra þann 14. desember sl. Eftir að klippt hafði verið á borða á skjólgóðum stað á stígnum stígu hjólasveinar og meyar á reiðhjól sín og héldu með klingjandi bjölluhljómi í átt til Reykjavíkur.

Nýi stígurinn er góð samgöngubót og er hann hluti af stofnstígakerfi höfuðborgarsvæðisins en í sumar gengu Vegagerðin og Reykjavíkurborg frá tímamótasamningi um uppbyggingu þess.

Göngu- og hjólastígurinn er tilvalinn til útivistar ekki síst í vetur en í hópi hjólasveinanna voru margir sem stunda hjólreiðar allan ársins hring. Reykjavíkurborg sinnir vetrarþjónustu á nýja stígnum alla leið inn í byggð í Mosfellsbæ. Hjólreiðafólk er hvatt til að nota bjöllur sínar til að gera gangandi viðvart ekki síst nú í skammdeginu. Í vor þegar veður leyfir verður gengið frá yfirborðmerkingum til að

aðskilja gangandi og hjólandi. Einnig er eftir að ganga frá hraðahindrun á aðkomuveg að Bauhaus til að tryggja enn frekar öryggi hjólafélks og gangandi vegfarenda.

Vegagerðin, Mosfellsbær og Reykjavíkurborg stóðu sameiginlega að framkvæmdum við stíginn sem fólust í tengingu stígakerfa sveitarfélaganna með lagningu stofnstígs frá athafnasvæði skógræktar Mosfellsbæjar við Hamrahlíð að gönguleið við akstursrampa að Bauhaus í Höllum. Verkið var boðið út í lok maí og var verktakafélagið Glaumur ehf. hlutskarpast. Sett var upp göngubrú, jarðvegsskipti námu 4.500 rúmmetrum og malbikaðir voru um 5 þúsund fermetrar. Gengið var frá ræsum og 38 ljósstólpar settir upp. Stígurinn var lagður í gegnum skógræktarsvæðið í sátt við Skógræktarfélagið og að þess beiðni voru tré sem felld voru skilin eftir til að brotna niður náttúrulega. Einnig tókst vel til með að færa gróðurþekju úr stígstæðinu og endurnýta á fláum við stíginn. Heildarkostnaður framkvæmda nam um 60 milljónum króna, sem deilist á verkkaupa.



14. desember 2012. Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mosfellsbæ, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Jón Gnarr borgarstjóri í Reykjavík hjóla fremstir eftir nýjum hjóla- og göngustíg sem tengir sveitarfélögin.

verklag við framkvæmdir. Vegagerðin mun standa að því og einnig stuðla að því að haldin verði námskeið, málstofur eða fyrirlestrar til að koma á framfæri niðurstöðum rannsókna á mannvirkjum í vegagerð.

- Umferð:

Lögð er áhersla á verkefni sem auðvelda áætlanagerð og/eða bæta upplýsingagjöf og þjónustu á ýmsum sviðum vegagerðar. Hér er m.a. átt við verkefni er byggjast á upplýsingaöflun og gagnavinnslu eða úrvinnslu fyrirbyggjandi upplýsinga á sviði umferðar og umferðaröryggis.

Áfram verður unnið að skrifum leiðbeininga varðandi tiltekna þætti á sviði umferðar og umferðaröryggis. Vegagerðin mun sjálf hafa forgöngu um leiðbeiningaskrif.

- Umhverfi og samfélag:

Lögð er áhersla á að styrkja verkefni sem tengjast þeim markmiðum Vegagerðarinnar, sem mest varða umhverfismál, þ.e. góða sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa og verkefni sem tengjast markmiðum samgönguáætlunar um umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Áhersla er lögð á eftirfarandi málaflokka vegna rannsókna 2013:

- Umhverfisvænni og hagkvæmari samgöngur
- Minni mengun og áhrif umferðar á heilsu
- Vistheimtar- og náttúruvarnarsverkefni
- Upplýsingatækni sem nýtist í umhverfis- og samfélagsmálum
- Bætt umhverfi vega
- Skipulag og landnotkun
- Fagurfræði og list í samgöngum

Umsóknir

Við skilgreiningar rannsóknaverkefna skal í upphafi áætla hverjir koma til með að nota niðurstöður úr verkefninum og gefa þeim tækifæri á að koma að mótun verkefnisins og innleiðingu niðurstaðna ef þurfa þykir.

Umsækjendur þurfa að fylla út umsóknarform sem finna má á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is) undir „Umsóknir og leyfi“. Frestur til að skila umsóknum rennur út að kvöldi 6. febrúar 2013.

Upplýsingar um verkefni sem fá fjárveitingu verða birtar á vef Vegagerðarinnar. ■

Útboðsverk 2012

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2012, raðað eftir verktökum í stafrófsröð. Tilboðsupphæð er einnig birt.

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Arni Helgason ehf. , kt. 670990-1769 Hlíðarvegi 54, 625 Ólafsfjörður 12-014 Norðausturvegur (85), tenging við Vopnafjörð 97.340.150 12-016 Skíðadalssvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll og Hofsa - Ytra Hvarf 154.088.000	
Biladrangur ehf. , kt. 530606-1470 Nykhöli, 871 Vík 12-042 Ræsi í Dýralæki á Myrdalssandi 13.851.350 12-011 Styrkingar og endurbætur á Laugarvatnsvegi (37) og Böðmóðsstaðavegi (366) 43.798.200	
Borgarverk ehf. , kt. 540674-0279 Sólbakka 17-19, 310 Borgarnes 12-021 Borgarfjarðarbraut (50), vegagerð um Reykjadalssá 53.353.000 12-027 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, klæðing 58.300.000 12-022 Uxahryggjavegur (52), Gröf - Skarð 58.711.000 12-029 Hringvegur (1), breikkun á þverun Borgarfjarðar 82.165.000 11-048 Strandavegur (643), Djúpvvegur - Geirmundarstaðavegur 166.520.000	
Eimskip Íslands , kt. 421104-3520 Korngörðum 2, 104 Reykjavík 12-036 Vestmannaeyjaferja 2012-2014 680.999.689	
G. Hjálmarsson hf. , kt. 630196-3619 Goðanesi 2, 603 Akureyri 12-023 Skagafjarðarvegur (752), Svartá - Stekkjarholt 74.700.000 11-042 Vaðlaheiðargöng, bráðabirgðabrú fyrir vinnuumerfð 22.382.500 12-025 Endurbætur á Hringvegi (1) á Vatnsskarði, Vatnshlíð - Valadalssá 56.194.900	
Garðlist ehf. , kt. 450598-2409 Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík 12-032 Grassláttur á Suðvestursvæði 2012-2013 9.998.003	
Gröfufækni ehf. , kt. 460494-2069 Smiðjustíg 2, 845 Flúðir 12-005 Héraðsvegir í Ásahreppi 2012 43.411.000	
Hraun – Sandur ehf. , kt. 500106-1660 Álfhelli 1, 221 Hafnarfjörður 12-020 Hringvegur (1), steypit vegrið á Borgarfjarðarfyllingu, framleiðsla 45.972.397	
Kolbeinn Sveinbjörnsson , kt. 191075-5369 Heiðarási, 801 Selfoss 12-002 Girðingar á Suðursvæði 2012 11.909.000	
Loftorka Reykjavík ehf. , kt. 571285-0459 Miðhraun 10, 210 Garðabær 12-033 Yfirlagnir á Suðvestursvæði og Norðvestursvæði 2012, repave - fræsing og malbik 227.317.500	
Magnús og Steingrímur ehf. , kt. 650275-0129 Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík 12-040 Brú á Búlandssá (1) - viðgerð steypu 3.077.860 12-039 Brú á Böðvarsdalsá (917) - viðgerð steypu 4.358.750	

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. , kt. 420187-1499 Gullhelli 1, 221 Hafnarfjörður 12-008 Yfirlagnir á Suður-, Suðvestur- og Norðvestursvæðum 2012, malbik 401.087.031	
Vörubifreiðastjórnun Mjólnir , kt. 470269-2869 Hrísmýri 1, 800 Selfoss 12-041 Villingaholtsvegur (305), Hamarsvegur - Sandbakki 60.445.250	
Myllan ehf. , kt. 460494-2309 Miðási 12, 700 Egilsstaðir 12-018 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2012 32.055.500	
Nesey ehf. , kt. 700693-2369 Suðurbraut 7, 801 Selfoss 12-001 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2012 78.750.000	
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. , kt. 410693-2169 Gagnheiði 35, 800 Selfoss 12-012 Hringvegur (1), hringtorg við Gaulverjabæjarveg 53.000.000 12-010 Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Borg í Grímsnesi 61.575.950 12-007 Biskupstungnabraut (35), tvö hringtorg við Reykholt 75.770.200 12-017 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2012, klæðing 105.118.445 12-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, klæðing 145.421.600	
SG. vélar ehf. , kt. 411092-2599 og Dal-Björg ehf. , kt. 501195-2439 Mörk 6, 765 Djúpvogur 12-019 Styrkingar og endurbætur á Suðurfjarðarvegi (96) við Breiðdalssvík 33.050.200	
Stálgæði ehf. , kt. 460605-0910 Smiðjuvegi 9, 200 Kópavogur 12-035 Svartá hjá Barkarstöðum, stálbitar 9.736.373 11-054 Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabrú 16.054.200	
Suðurverk hf. , kt. 52088-50219 Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur 12-006 Leirnavogur (243) og breytingar á farvegi Svaðbælisár 15.623.400 11-017 Reykjanesbraut (41), undirgöngur við Straumsvík 158.440.140 11-047 Vestfjarðavegur (60), Eiði - Þverá 2.486.690.000	
Þ.S. verktakar ehf. , kt. 410200-3250 Miðási 8, 700 Egilsstaðir 12-015 Borgarfjarðarvegur (94) um Njarðvíkurá 87.455.651	
Þjótandi ehf. , kt. 500901-2410 Egissíðu 2, 851 Hella 12-044 Efnisvinnsla við Svínhaga í Rangárfingi ytra 28.850.000 12-046 Þingskálavegur (268), 2012-2013 53.900.000 12-004 Villingaholtsvegur (305), 2012 99.289.895	
Verkvik - Sandtak ehf. , kt. 491190-1409 Rauðhelli 3, 221 Hafnarfjörður 12-038 Brú á Hvolsá (590) - viðgerð steypu 2.947.600 12-037 Brú á Miðá (54) - viðgerð steypu 6.879.200	

Niðurstöður útboða

Styrking varnargarða

við Markarfljót 12-054

Tilboð opnuð 15. janúar 2013. Endurbætur og styrking nýu varnargarða við Markarfljót og bygging á einum nýjum varnargarði.

Helstu magnþölur:

Fylling	55.000 m ³
Grjótörn 3 (< 0,5 tonn) losun í námu	10.000 m ³
Grjótörn 3 (< 0,5 tonn) á garða	21.000 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2013.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
8	ÍAV hf., Reykjavík	166.326.345	144,6	91.576
7	Ístak hf., Reykjavík	139.562.804	121,4	64.813
---	Áætlaður verktakakostnaður	115.000.000	100,0	40.250
6	Suðurverk ehf., Kópavogi	110.625.000	96,2	35.875
5	Hálsafell ehf., Reykjavík	99.914.000	86,9	25.164
4	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	93.780.000	81,5	19.030
3	Þjótandi ehf., Helli	88.500.000	77,0	13.750
2	Framrás ehf., Vík	86.400.000	75,1	11.650
1	Urð og grjót ehf., Reykjavík	74.750.000	65,0	0

Auglýsingar útboða

Landvegur (26), Galtalækjarskógur

- Þjófafossvegur 13-001

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu 7,5 km Landvegur frá Galtalækjarskógi að Þjófafossvegi, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magnþölur eru:

Efnisvinnsla	20.725 m ³
Fylling	4.810 m ³
Fláafleygar	2.930 m ³
Neðra burðarlag	13.710 m ³
Efra burðarlag	7.015 m ³
Ræsi	72 m
Tvöföld klæðing	54.680 m ²
Frágangur fláa	47.025 m ²


Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2013.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 22. janúar 2013. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 5. febrúar 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Landvegur (26),
Galtalækjarskógur
- Þjófafossvegur
sjá auglýsingu





Mokað í Árneshrepp á Ströndum

Áður birt á vegagerdin.is 11.01.2013

Snjómokstursmenn Vegagerðarinnar voru tvo daga að opna veginn í Árneshrepp 68 km leið og aðra tvo að moka ruðninga. Vélskófla, veghefill og minni tæki tóku þátt í þessu verkefni. Það hófst á mánudagsmorgni 7. janúar en klukkan 19 á þriðjudegi var búið að opna leiðina.

Miðvikudag og fram á fimmtudag var síðan verið að moka og minnka ruðninga. Veghefill og vegagerðarbíll með tönn fóru sunnan að en hjólaskófla að norðan.

Mikill snjór var á leiðinni sérstaklega á leiðinni úr botni Veidileysufjarðar um Veidileysuháls út með Reykjarfirði langleiðina að Kjörvogi.

Veghefill fór frá Hólmavík um kl. 11 á mánudagsmorgun 7. janúar og komst í botn Veidileysufjarðar um kvöldið. Á mánudagsmorguninn fór einnig hjólaskófla á móti inn Kjörvogshlíð og komst að Sætrakleif um kvöldið.

Á þriðjudagsmorgun hófst vinna kl. 6 um morguninn og var

unnið til kl. 23 um kvöldið. Hjólaskóflan sem kom á móti bilaði um hádegisbilið, var þá komin inn fyrir Naustvík. Þar brotnaði plógurinn af gálganum og var því sú vél úr leik.

Þrátt fyrir þetta tókst að opna leiðina um kl 19 um kvöldið, þeir eru ótrúlega seigir strákarnir sem í þessu stóðu.

Farið var í gegnum 18 misstór snjóflóð.

Ekki var allri vinnu lokið þó búið væri að stinga í gegn, gríðarlegir ruðningar voru eftir og sumstaðar þannig að vart sást út úr heflinum yfir þá; ljóst var að ekki var hægt að hverfa frá með þvílíka ruðninga og var því hafist handa með að lækka þá eitthvað.

Á miðvikudagsmorgun hófst vinna kl. 8 og var unnið til kl. 23; þá komnir að Hallardalsá í Bjarnarfirði á bakaleið.

Þessari miklu snjómokstursför lauk svo um hádagi fimmtudaginn 10. janúar.

Meðfylgjandi myndir tóku hefilstjórnarnir frá Hólmavík, þeir Halldór Jónsson og Guðbrandur Ásgeir Sigurgeirsson. ■



Snjómokstur á Vestfjarðavegi (60) í Kjálkafirði 30. desember. Sjá einnig forsíðu. Myndin til hægri er frá sama verkefni og er birt hér til að minna á að birtu nýtur ekki við í margar klukkustundir á degi hverjum í desember svo snjómokstur er mestan part unninn í svarta myrkri.

Kostnaðar-/ábatagreiningarlíkanið TERESA

Þegar teknar eru ákvarðanir um fjárfestingar í innviðum skiptir miklu máli að meta kostnað og ábata í réttu félagslegu og hagrænu samhengi. Framlög ríkisins eru takmörkuð og krafan um skilvirka ráðstöfun skattfjár er sífellt háværari; því skiptir máli að forgangsraða framkvæmdum eftir hreinum ábata þeirra, með samræmdri aðferðafræði og samræmdum bakgrunnsforsendum.

Á hinum Norðurlöndunum er komin löng hefð fyrir því að opinberar stofnanir beiti kerfisbundið kostnaðar-/ábatagreiningu við að meta arðsemi og forgangsraða samgönguverkefnum. Forgangsröðunin á sér bæði stað milli mismunandi málaflokka/ferðamáta og innan tiltekins málaflokks.

Samgönguráð hefur á síðasta áratug látið vinna tvær skýrslur af hálfu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um aðferðir við forgangsröðun samgöngufjárfestinga. Fyrri skýrslan fjallar um aðferðafræðina og seinni skýrslan um reynslu erlendis sem og atriði er lúta að kvörðun verðmætapaða sem nauðsynlegir eru arðsemismatinu. Þessar skýrslur hafa fengið allnokkra kynningu og umræðu. Mikilvægt var talið í kjölfar þessara skýrslna að huga að næstu skrefum við hagnýtingu þeirra niðurstaðna sem fram koma í þeim og var það gert á árunum 2005-2007. Vegna ófyrirséðra aðstæðna innan stofnunarinnar og fyrir tilstuðlan efnahagshrunsins lá sú vinna niðri fram að vordögum 2012.

Í maí 2012 gerði Vegagerðin þriggja mánaða samning við Vilhjálm Hilmarsson með það fyrir augum að virkja og staðfæra kostnaðar-/ábatagreiningarlíkanið „TERESA“ að íslenskum aðstæðum. TERESA er samvinnuverkefni danskra rannsóknarstofnana og samgönguráðuneytisins þar í landi og er byggt á félagshagfræðilegum grunni og aðferðafræði kostnaðar-/ábatagreiningar til að forgangsraða samgöngufjárfestingum eftir arðsemi. Sú vinna var framhald af meistaraverkefni Vilhjálms við hagfræðiskor Háskóla Íslands.

Ritgerð Vilhjálms nefnist: Innleiðing arðsemislíkansins „TERESA“ – þjóðhagsleg arðsemi samgönguframkvæmda og tekur til aðferðafræði líkansins og kvörðun verðmætapaða

ásamt því að reikna arðsemi Vaðlaheiðarganga út frá forsendum líkansins. Ritgerðin vann til verðlauna 2012 við meistaratritgerð á sviði efnahags- og fjármála á árinu 2012 við íslenskan háskóla. Ritgerð Vilhjálms og áframhaldandi vinna setur TERESU aðferðafræðina í íslenskt samhengi með því að setja upp íslenskt gagnasafn og stika til þess að unnt sé að framkvæma kostnaðar- og ábatamat er getur þjónað sem viðmið til forgangsröðunar.

Framhald varð á samningi Vegagerðarinnar við Vilhjálm fram á haust og hefur líkanið nú tekið á sig það form er kalla mætti „TERESA ÍSLAND 1.0 – Þjóðhagsleg arðsemi samgönguframkvæmda“.

Kostnaðar-/ábatagreining TERESA tekur tillit til ábata notenda af samgöngubót (sparnaður í fjarlægð og tíma á áhrifasvæði), áhrifa á hið opinbera (heildarútgjöld ríkisins og breytingar í skatttekjum) og áhrifa á samfélagið allt (sparnaður samfélagsins vegna fækkunar slysa og minnkunar í hávaðamengun og loftmengun, ásamt umframbyrði skattlagningar). Tekið er tillit til nýlundu í aðferðafræðinni en á undanföllum árum hefur átt sér stað endurskoðun á meðferð skatta í K-/Á greiningu að því leyti að öll verð innihalda skattlagningu sem byggir á greiðsluvilja skattgreiðenda, og er sú raunin í TERESA. Ennfremur býður líkanið upp á fjölmarga möguleika á næmnigreiningum ásamt því að bjóða upp á óvissugreiningu (Monte Carlo hermun).

Um leið og Vilhjálmur hverfur til annarra starfa verður áfram unnið með TERESA innan Vegagerðar og er markmiðið að búa þannig um hnútana að unnt sé að stunda forgangsröðun þar sem samkvæmni er gætt í samburði verkefna, enda byggji þau á sömu kvörðun og aðferðafræði. ■



Vilhjálmur Hilmarsson





**Gunnar Bjarnason
skrifar:**

Ný útgáfa af leiðbeiningarriti um efnisrannsóknir

Ný útgáfa af köflum 1-6 og viðauka 1 í ritinu „Efnisrannsóknir og efniskröfur - leiðbeiningar við hönnun, framleiðslu og framkvæmd“ er

komin á vefslóðina <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/efnisrannsoknir/>.

Um er að ræða lagfæringar og leiðréttingar á köflum 1-5 en kafli 6 um slitlög hefur verið endurskoðaður talsvert í þessari og síðustu útgáfu og veitir nú mun ýtarlegri upplýsingar en áður um ýmsar nýjungar, sem hafa verið að ryðja sér til rúms á undanförunum árum, sérstaklega í köflum um klæðingu og malbik. Nýjungar sem byggja m.a. á rannsóknnum sem styrktar hafa verið af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Evrópustaðlar um steinefni, malbik og klæðingu eru nú á lokastigi endurskoðunar og þarf stöðugt að gæta að því að leiðbeiningarit Vegagerðarinnar sé í samræmi við Evrópustaðla. Þess má geta að nú er unnið að íslenskum fylgistöðlum vegna framleiðslu steinefna og malbiks.

Ekki voru gerðar breytingar á efniskröfum við þessa endurskoðun leiðbeiningaritsins. Í kafla 6 í undirkafla um klæðingar á bls. 6-26 eru nýjar töflur um leiðbeinandi magn bindiefnis í klæðingar. Viðauki 1 „Lýsing á prófunaraðferðum“ hefur verið endurskoðaður frá grunni og bætt við lýsingu á nokkrum prófunaraðferðum m.a. um prófanir á malbiki.

Ég vil biðja menn um að senda athugasemdir til mín um það sem betur má fara í ritinu, netfang: gjb@vegagerdin.is. Ég vil einnig biðja þá sem eiga prentaðar eldri útgáfur af ritinu að henda þeim og prenta út nýjar ef þeir kjósa að eiga ritið á pappír. ■



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeldar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	
13-007 Svinadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri	2013	
13-005 Ingjaldssandsvegur (624), Vestfjarðavegur - Núpur	2013	
12-056 Dettifossvvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	2013	
13-002 Vatnsnesvegur (711), Hvammstangi - Skarð	2013	
13-003 Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Örlygsstaðir	2013	
13-004 Staðarbraut (854), Aðaldalsvegur - Laxá	2013	
13-006 Melasveitarvegur (505), Hringvegur - Bakki	2013	
12-053 Hringvegur (1) um Múlakvísl, brúargerð og vegagerð	2013	
12-052 Hringvegur (1) um Múlakvísl, varnargarðar	2013	
12-051 Hringvegur (1) um Hellisheiði	2013	
12-030 Norðausturvegur (85), Bunguflóí - Vopnafjörður, endurútboð	2013	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
13-001 Landvegur (26), Galtalækjarskógur - Þjófafossvvegur	21.01.13	05.02.13
12-055 Fáskrúðsfjarðargöng endurbætur á rafkerfi 2013	17.12.12	22.01.13
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
12-054 Styrking varnargarða við Markarfljót	17.12.12	15.01.13
12-031 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07.08.12	18.09.12
11-055 Vaðlaheiðargöng, eftirlit	25.06.12	08.08.12
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
12-050 Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Kjálkafjörð <i>Loftorka í Borgarnesi ehf., kt. 600909-1270</i>	04.12.12	08.01.13
12-049 Hafnarfjarðarvegur (40), strætórein við Fífuhvamsveg <i>Urð og grjót ehf., kt. 580199-2169</i>	06.11.12	11.01.13
Forvali lokið		
12-045 Norðfjarðargöng, forval	13.11.12	